

Reglugerð um framkvæmd endurhæfingarlífeyris samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1. gr.

Gildissvið, markmið og framkvæmd.

Reglugerð þessi gildir um framkvæmd og greiðslur endurhæfingarlífeyris skv. 7. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

Markmið með endurhæfingu og greiðslu endurhæfingarlífeyris er að stuðla að aukinni starfshæfni umsækjanda.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Greiðslur.

Heimilt er að greiða endurhæfingarlífeyri samkvæmt reglugerð þessari til þeirra sem eiga lögheimili hér á landi, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um félagslega aðstoð, og að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna, laga um almannatryggingar og reglugerðar þessarar. Um greiðslur fer skv. 3. mgr. 7. gr. laga um félagslega aðstoð.

3. gr.

Mat á líklegum árangri endurhæfingar.

Tryggingastofnun skal meta heildstætt hvort líklegt sé að sú endurhæfing sem lagt er upp með í endurhæfingaráætlun muni stuðla að aukinni starfshæfni. Einnig skal stofnunin leggja mat á það hverju sinni hvort fyrirhuguð endurhæfing sem gerð er grein fyrir í endurhæfingaráætlun, sbr. 5. gr., þ.m.t. viðmið um ástundun og viðtöl, sé fullnægjandi með tilliti til markmiðs endurhæfingarinnar.

Tryggingastofnun er heimilt að semja við starfandi matsteymi á sviði endurhæfingar um að framkvæma mat sem stofnunin getur byggt á við mat skv. 1. mgr.

4. gr.

Upphaf, tímalengd og skilyrði greiðslna.

Heimilt er að ákvarða endurhæfingarlífeyri til allt að 18 mánaða í þeim tilvikum sem ekki verður séð hver starfshæfni einstaklings sem er á aldrinum 18 til 67 ára verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys.

Grundvöllur greiðslna er að endurhæfingaráætlun liggi fyrir og er heimilt að setja það skilyrði fyrir greiðslu endurhæfingarlífeyris að umsækjandi hafi formlega hafið endurhæfingu hjá viðurkenndum umsjónaraðila endurhæfingaráætlunar, sbr. 6. gr.

Skilyrði greiðslna er að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði sem telst fullnægjandi að mati framkvæmdaraðila. Umsækjandi skal hvorki eiga rétt til launa í veikindaleyfi né greiðslna frá sjúkrasjóðum eða teljast tryggður samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Greiðslur skulu ekki ákvarðaðar lengur en til eins árs í senn og aldrei lengur en fyrirbyggjandi endurhæfingaráætlun segir til um. Ef einhverjir þættir í fyrirbyggjandi endurhæfingaráætlun þykja óljósir skal greiðslutímabil að jafnaði ákvarðað til styttri tíma.

Heimilt er að framlengja greiðslutímabil skv. 1. mgr. um allt að 18 mánuði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Á það einkum við ef framkvæmdaraðili telur að unnið sé með þá þætti í endurhæfingaráætlun sem taka heildstætt á vanda umsækjandans. Þá skal litið til þess hvort stígandi sé í framvindu endurhæfingar og hvort talið er að framlenging greiðslutímabils geti stuðlað enn frekar að starfshæfni greiðsluþegans eða endurkomu á vinnumarkað.

5. gr.

Endurhæfingaráætlun.

Endurhæfingaráætlun skal ávallt taka mið af heilsufarsvanda umsækjanda með það að markmiði að aðstoða umsækjanda við að leita lausna við þeirri færniskerðingu eða heilsubresti sem veldur skertri starfshæfni hans. Leitast skal við að endurhæfingaráætlun byggji á heildstæðri nálgun með það að markmiði að bæta heilsu og auka starfsorku og starfshæfni. Tryggingastofnun metur heildstætt í hverju tilviki hvort endurhæfingaráætlun teljist fullnægjandi til að skilyrði fyrir greiðslum séu uppfyllt.

Nám og vinnuþrófun sem stuðlar að starfshæfni umsækjanda og þátttöku á vinnumarkaði getur talist vera liður í endurhæfingu. Þó skal ætíð horft til þess að námið eða vinnuþrófunin séu ekki það umfangsmikil að ekki sé svigrúm til að ástunda þau endurhæfingarúrræði sem taka á þeirri færniskerðingu eða heilsubresti sem veldur skertri starfshæfni umsækjanda ef slíkt telst nauðsynlegt.

6. gr.

Umsjónaraðilar endurhæfingaráætlunar.

Endurhæfingaráætlun skal unnin af heilbrigðismenntuðum fagaðila, svo sem lækni, sjúkraþjálfara, félagsráðgjafa, sálfræðingi, iðjuþjálfara eða hjúkrunarfræðingi í samvinnu við umsækjanda um endurhæfingarlífeyri hverju sinni.

Þrátt fyrir 1. mgr. getur endurhæfingaráætlun einnig verið unnin af fagaðila sem er viðurkenndur á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar samkvæmt samningum starfsendurhæfingarsjóða við ráðherra skv. 9. gr. laga nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Starfandi heilbrigðismenntaður fagaðili, sbr. 1. mgr., eða fagaðili skv. 2. mgr., skal hafa umsjón með endurhæfingu umsækjanda og að endurhæfingaráætlun sé fylgt. Tryggingastofnun metur hvort tiltekinn fagaðili teljist viðeigandi aðili hverju sinni.

7. gr.

Þátttaka í endurhæfingu.

Umsækjandi og endurhæfingarlífeyrisþegi ber ábyrgð á að stuðla að betri virkni, heilsu og starfshæfni með virkri þátttöku í þeirri meðferð, endurhæfingu og úrræðum sem fram koma í endurhæfingaráætlun. Endurhæfing á eigin vegum án aðkomu fagaðila, sbr. 6. gr., telst ekki fullnægjandi.

8. gr.

Eftirlit og upplýsingaskylda.

Tryggingastofnun skal hafa eftirlit með því að greiðsluþegi sinni endurhæfingu sinni, að endurhæfingaráætlun sé framfylgt og að skilyrði fyrir greiðslum séu að öðru leyti uppfyllt. Greiðsluþega er skylt að tilkynna um breytingar á tekjum eða öðrum aðstæðum sem geta haft áhrif á greiðslur.

Ef sótt er um framlengingu á greiðslum endurhæfingarlífeyris, sbr. 4. mgr. 4. gr., skal leggja fram greinargerð um framvindu endurhæfingar á áður samþykktu greiðslutímabili. Tryggingastofnun getur einnig óskað eftir staðfestingu þess að endurhæfing hafi farið fram og öðrum upplýsingum sem stofnunin telur nauðsynlegar frá þeim fagaðilum sem hafa komið að endurhæfingu greiðsluþegans.

Greiðsluþega og umsjónaraðila endurhæfingaráætlunar er skylt að tilkynna Tryggingastofnun tafarlaust um það ef rof verður á endurhæfingu eða slíkt rof er fyrirséð, t.d. ef aðstæður breytast á endurhæfingartímabilinu, hvort heldur er tímabundið eða varanlega. Sama á við ef endurhæfingu lýkur fyrir áætlaðan tíma eða greiðsluþegi sinnir ekki endurhæfingu samkvæmt endurhæfingaráætlun.

9. gr.

Umsóknir.

Sækja skal um endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun ríkisins og er umsækjanda eða greiðsluþega skylt að veita Tryggingastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til að unnt sé að ákvarða endurhæfingarlífeyri og fjárhæð greiðslna. Einnig er maka umsækjanda eða greiðsluþega skylt að veita upplýsingar um sig ef þær kunna að hafa áhrif á afgreiðslu umsóknar eða greiðslur.

Tryggingastofnun skal kynna sér aðstæður umsækjenda og greiðsluþega og gera þeim grein fyrir rétti þeirra samkvæmt lögum og reglugerð þessari. Við meðferð máls skulu staða og réttindi umsækjanda skoðuð heildstætt og skal stofnunin leiðbeina umsækjanda um réttarstöðu hans, þau gögn sem þurfa að fylgja umsókn og hvernig umsækjanda beri að sinna endurhæfingunni til að uppfylla skilyrði greiðslna. Þá skal stofnunin sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun um bótarétt er tekin, þar á meðal að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir.

Um umsóknir og framkvæmd að öðru leyti fer skv. V. og VI. kafla laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, sbr. 13. og 14. gr. laga um félagslega aðstoð.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 5. mgr. 7. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 70. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. reglugerðarinnar er heimilt að samþykkja umsóknir um endurhæfingarlífeyri frá einstaklingum sem eiga lögheimili á Íslandi en fullnægja ekki skilyrðinu um þriggja ára búsetu hér á landi.

Ákvæði 1. mgr. gildir um umsóknir sem berast á tímabilinu 1. mars 2020 - 31. desember 2021. Skilyrði er að umsækjandi hafi áður haft samfellda fasta búsetu hér á landi eftir 18 ára aldur í a.m.k. þrjú ár á síðustu tíu árum áður en umsókn er lögð fram.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda að öðru leyti um meðferð umsókna samkvæmt þessu ákvæði og skulu öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggja fyrir svo unnt sé að taka ákvörðun um heimild til greiðslna, m.a. um að ekki sé fyrir hendi réttur til greiðslna fyrir sama tímabil vegna óvinnufærni eða endurhæfingar frá því landi sem flutt var frá.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.